



Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Annas Sigmundssonar  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Blönduósi 19. desember 2017

**EFNI: Byggðakvóti 2017/2018 – úthlutun til Blönduósbæjar**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur fjallað um umsókn Blönduósbæjar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2017/2018. Niðurstaða ráðuneytisins er 81 þorskígildistonn.

Byggðaráð Blönduósbæjar fjallaði um úthlutun byggðakvóta á fundi sínum þann 19. desember 2017 og var eftirfarandi bókun gerð:

Byggðaráð samþykkir eftirfarandi undanþágu frá reglugerð nr. 604/2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2017/2018:

a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

**„Skipta skal 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 25% skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á rækju í Húnaflóa skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2017.“**

b) Vinnsluskylda er felld niður en löndunarskylda er miðuð við Blönduós eða Skagaströnd og því orðast 1. og 2. ml. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: **„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn.“**

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

Arnar Þór Sævarsson

Sveitarstjóri Blönduósbæjar